

Stofnanasamningur

milli SFR og Lögregluskóla ríkisins um nánari forsendur röðunar starfa.

(Samkvæmt 11. kafla í gildandi kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra dags. 9. mars 2005).

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá stofnuninni.

2. Grunnröðun

Eftirfarandi störfum er grunnraðað í neðangreindan launaflokk

| | |
|----------|-------------|
| | Ífl. |
| Fulltrúi | 011 |

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1. Starfsreynsla

- Starfsreynsla er metin sem hér segir:
 - Eftir eitt ár fær starfsmaður einn launaflokk
 - Eftir þrjú ár fær starfsmaður einn launaflokk til viðbótar
 - Eftir sex ár fær starfsmaður einn launaflokk til viðbótar

3.2 Starfsmenntun/símenntun

Þegar starfsmaður hefur lokið starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, fær hann:

- Eftir 60 tíma námskeiðssókn – einn launaflokk
- Eftir 120 tíma námskeiðssókn - einn launaflokk til viðbótar
- Eftir 200 tíma námskeiðssókn - einn launaflokk til viðbótar

3.3 Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- Starfið felur í sér flókin verkefni
- Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- Starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
- Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu

- Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- Starfsmaður hefur menntun eða starfsreynslu sem nýtist í starfi.

4. Gildistími og endurskoðun

Tekur samningurinn gildi frá 1. maí 2007. Hvor aðili fyrir sig getur farið fram á endurskoðun á þessum samningi hvenær sem er á samningstímanum.

Reykjavík 31. maí 2007

f.h. SFR – stéttarfélags í almannapjónustu

f.h. Lögregluskóla ríkisins